

Ed.

644. Nefndarálit

[317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ríkisstjórnin lagði fram í gær frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Allt of skammur tími hefur því verið til þess að fjalla um málið. Enginn kostur var gefinn á því að senda málið út til umsagnar en fyrir nefndina voru kallaðir fulltrúar tíu aðila sem málið snertir. Kom mjög margt fróðlegt fram í þeim viðræðum sem nefndin átti við þessa fulltrúa frá klukkan hálf níu til klukkan hálf eitt í dag. Verður það nú rakið lauslega en í lok nefndarálitsins vikið að einstökum þáttum málsins.

Raunvextir hafa ekki lækkað.

Það kom fram í svari Tómasar Árnasonar, bankastjóra Seðlabankans, að raunvextir lækka ekki þessa dagana þrátt fyrir breytingar á nafnvöxtum enda ná þær breytingar einungis til óverðtryggðra lána. Það kom fram í máli Seðlabankamanna að raungengi íslensku krónunnar hækkar milli ára 1987 og 1988 um 8% og er það til marks um þrönga stöðu útflutningsatvinnuveganna.

Skerðing sem kemur niður á fiskvinnslunni.

Það kom fram í máli Más Elíssonar, forstjóra Fiskveiðasjóðs, að forráðamenn sjóðsins höfðu engar upplýsingar fengið áður en frumvarpið var lagt fram um þær skyldur sem Fiskveiðasjóður á að axla samkvæmt frumvarpinu. Már taldi að skerðingin á erlendum lánsfjárheimildum Fiskveiðasjóðs kæmi fyrst og fremst niður á fiskvinnslunni í landinu. Hann skýrði frá því að fyrir lögju umsóknir um innflutning og nýsmíði 42 fiskiskipa fyrir 2,5 milljarða króna sem væri álíka upphæð og nam kaupum á fiskiskipum og nýsmíði samanlagt á árunum 1986–1987.

„Allt tekið aftur.“

Forstjóri Ríkisspítalanna var kallaður fyrir nefndina vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að skera niður framlög til K-byggingar Landspítalans. Byggingin er þegar orðin þremur árum á eftir áætlun. Hann upplýsti að fyrrverandi formaður stjórnarnefndar Ríkisspítalanna, Friðrik Sophusson, hefði barist fyrir því að fá hækkun á framlögum til K-byggingar upp á 50 millj. kr., en hann hefði náð fram 20 millj. kr. „Nú er þetta allt tekið aftur,“ sagði forstjórinn.

„Kyrkjandi ríkisvald.“

Forstjóri Próunarfélagsins, Gunnlaugur Sigmundsson, lagði það til í máli sínu að höggvið yrði á tengsl Próunarfélagsins við ríkisvaldið að því er varðar erlendar lántökuheimildir. „Öll okkar samskipti við þetta kyrkjandi ríkisvald eru á einn veg,“ sagði Gunnlaugur. Hann skýrði frá því að þessi væri skoðun stjórnar Próunarfélagsins. Minna má á að Próunarfélagið var eitt óskabarna fyrrverandi ríkisstjórnar, einkum Sjálfstæðisflokksins innan þeirrar stjórnar. Átti Próunarfélagið að beita sér fyrir nýjungum í atvinnulífinu. Ljóst virðist hins vegar að núverandi ríkisstjórn stefnir að því að leggja starfsemi Próunarfélagsins niður.

Varaverðlagsstjóri kom á fund nefndarinnar. Skýrði hann frá því að lækkun á olíuverði hefði átt að koma til framkvæmda hvort eð var frá 1. mars.

Landsvirkjun vel sett.

Samkvæmt upplýsingum forráðamanna Landsvirkjunar skiptir niðurskurður lánsfjárhéimilda til fyrirtækisins ekki miklu máli. Niðurskurðurinn nemur 75 millj. kr. Kom fram að fyrirtækið hefur skuldbreytt erlendum lánum og með því sparað við sig greiðslur sem nema 30 millj. kr. á þessu ári. Þó töldu forráðamenn fyrirtækisins að aðgerðir ríkisvaldsins í þá veru að þrengja möguleika fyrirtækisins til þess að skuldbreyta óhagstæðum erlendum lánum væru íþyngjandi og gætu valdið hækkun raforkuverðs.

260 millj. kr. frá sveitarfélögum — 1000 kr. á hvern íbúa.

Á fundinn komu formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þeir mótmæltu ákvæðum frumvarpsins harðlega. Töldu þeir að skerðing Jöfnunarsjóðsins frá 1984 væri komin talsvert á annan milljarð króna. Þeir bentu á að framlög Jöfnunarsjóðsins næmu allt að 55% af tekjum minnstu sveitarfélaganna þannig að þessi skerðing um 260 millj. kr. væri verulegt högg fyrir einstök sveitarfélög.

Þriðjungur Jöfnunarsjóðsins er bundinn í margvíslegum verkefnum, en afgangurinn fer til sveitarfélaganna eftir höfðatölu.

Þeir töldu að skerðing væri um það bil 1000 kr. á mann í sveitarfélögum. Og það væri sérstaklega alvarlegt að þessi skerðing kæmi nú eftir að sveitarfélögin hefðu gengið frá fjárhagsáætlunum sínum. Þeir sögðu að Jöfnunarsjóðurinn hefði þegar gengið frá greiðslum til sveitarfélaganna miðað við fyrri fjárlagatölur þannig að sjóðurinn yrði nú að lækka þær tölur sem hann greiddi einstökum sveitarfélögum það sem eftir væri ársins. Sem dæmi var nefnt að skerðingin nemur um 15 millj. kr. á Akureyri en fjárhagsstaða Akureyrar væri á ýmsa lund erfiðari en annarra sveitarfélaga. Þar yrði ekkert eftir til eignabreytinga.

Talið var að velta sveitarfélaganna næmi um 12,5 til 13 milljörðum króna. Þar af væru 20% til eignabreytinga eða um 2,6 milljarðar króna. Skerðing Jöfnunarsjóðsins næmi því 10% niðurskurði á framkvæmdagetu sveitarfélaganna.

Talsmenn sveitarfélaganna lögðu áherslu á að ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú um skerðingu á Jöfnunarsjóðnum væri „rothögg“ á samskipti ríkis og sveitarfélaga eftir það sem á undan var gengið.

Það er ekki of mikið sagt að gagnrýni sveitarstjórnarmanna á frumvarpið var harðari en frá nokkrum öðrum sem kom á fund nefndarinnar og er þá langt til jafnað.

Fram undir aldamótin.

Fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins komu á fund nefndarinnar. Þeir skýrðu frá því að niðurskurðurinn á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins kæmi sérstaklega niður á framkvæmdalánum þessa árs sem væru eini lánaflokkurinn sem ekki hefði þegar verið tæmdur og meira en það með lánslofordum. Þessi lán hafa ekki síst runnið til sveitarfélaganna á undanförunum árum.

Þeir kvörtuðu undan því að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki gengið frá kaupsamningum á skuldabréfum sem skyldi. Þannig væru aðeins 54 sjóðir af 76 búnir að ganga frá skuldabréfakaupum fyrir árið 1989 og aðeins 33 fyrir 1990.

Þeir skýrðu frá því að forgangshópar sem sæktu um núna gætu fengið afgreiðslu sinna mála þegar komið væri fram á árið 1990; allt árið 1989 væri upppantað!

Óafgreiddar umsóknir 12000 um næstu áramót!

Þá kom fram að frumvarp félagsmálaráðherra, sem samþykkt var fyrir jólin, hefur aukið eftirspurn eftir húsnæðislánum þar sem forgangshópurinn var stækkaður frá því sem áður var, en umsóknum fækkað óverulega vegna skerðingarákvæða.

Frá 13. mars 1987 til áramóta komu inn um 6000 umsóknir sem ekki verða afgreiddar fyrr en á árinu 1989. Gert er ráð fyrir 400–600 umsóknum á mánuði á þessu ári, þannig að stofnunin liggi með óafgreiddar umsóknir sem nemi um 12000 um næstu áramót!

Ágreiningur stofnunar og ráðuneytis.

Mikið var rætt um misvísandi upplýsingar fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla á árinu. Þjóðhagsstofnun spáir því að hallinn verði um 10,6 milljarðar króna. Fjármálaráðuneytið spáir aftur á móti nærri tveimur milljörðum minni halla á viðskiptunum við útlönd. Munurinn liggur í því að fjármálaráðuneytið telur að einkaneysla muni dragast meira saman en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir og jafnframt telur fjármálaráðuneytið að útflutningsframleiðslan verði um 600 millj. kr. meiri að verðmæti en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir.

Fram kom að vaxtajöfnuðurinn er neikvæður um nærri 7 milljarða króna og innflutningur skipa kostar á þessu ári um 4 milljarða króna.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, taldi það „tálvonir“ að gera ráð fyrir minni viðskiptahalla en Þjóðhagsstofnun bendir á. Taldi hann líklegra að viðskiptahallinn yrði enn meiri. Minnti hann í því sambandi einnig á að útflutningsgreinum er þröngur stakkur sniðinn með ákvörðunum stjórnvalda og það gæti skapað vaxandi þrýsting á gengið þegar kæmi fram á árið.

Einstök efnisatriði.

Minni hl. telur að það sé tvímælalaust til bóta í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar er hún tekur aftur ráðstafanir þær gagnvart atvinnuvegunum sem hún sjálf knúði fram á Alþingi um áramótin. Margt í ráðstöfunum stjórnarinnar eru sjálfsagðir hlutir, en ráðstafanirnar eru ósamstæðar eins og við er að búast frá ósamstæðri og ráðvilltri ríkisstjórn. Ekki hefur komið fram hvað það hefur kostað atvinnuvegina og launafólk hve langur dráttur hefur orðið á óhjákvæmilegum aðgerðum sem allir sáu fyrir löngu að voru óumflýjanlegar.

Ríkisstjórnin hefur setið frá því í júlí 1987. Þá var gripið til efnahagsráðstafana.

Næst var gripið til ráðstafana þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram 10. október.

Næsti kafli var í desembermánuði, rétt fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga. Þær ráðstafanir beindust einkum að því að leggja á aukna skatta.

Þetta frumvarp fjallar um fjórðu efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar á sjö mánuðum. Því verður spáð hér að ríkisstjórnin muni áður en langur tími líður neyðast til þess að gripa til ráðstafana einu sinni enn.

Minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins þar sem ekki hefur verið kostur á að skoða það nægilega vel. Minni hl. áskilur sér þó rétt til þess að greiða atkvæði á móti einstaka tillögu í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og til þess að styðja einstakar greinar eftir efni málsins.

Ingibjörg Daníelsdóttir sat fundinn fyrir hönd Kvinnalista og er hún samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 2. mars 1988.

Svavar Gestsson,
frsm.

Júlíus Sólnes.